

Lánin sem urðu að óláni

Vel stæðir Evrópubúar horfa nú fram á að missa allt sitt eftir að þeir tóku lán í Landsbankanum í Lúxemborg, fengu 25% greitt út en bankinn átti að ávaxta rest



FRÉTTASKÝRING

Eftir Gunnhildi Örmu Gunnardóttur
gag@mbl.is

HUNDRUÐ viðskiptavina Landsbankans í Lúxemborg þurfa nú að greiða lán, sem þeir tóku í bankanum, til baka. Lánin voru þó ekki með hefðbundnu sniði heldur fengu viðskiptavinirnir aðeins um 25% af láninu greitt út en afganginn átti bankinn að sjá um að ávaxta og gerðu viðskiptavinirnir samning um að hann fjárfesti í sjóðum, s.s. hlutabréfum, skuldabréfum og gjaldmiðlum.

Hugmyndin var að ávöxtun sjóðanna yrði þannig að viðskiptavinurinn þyrfti ekki að greiða lánið til baka. Innkoma sjóðsins sæi um það.

Bankinn skipaði þjónustufulltrúa fyrir viðskiptavinina sem hafði fullt umboð til fjárfestinganna, segir heimildarmaður Morgunblaðsins. Þjónustufulltrúinn átti að dreifa áhættunni og gekk vel að ávaxta féð allt fram á síðari hluta ársins 2007. Þá syrti að og upp úr mars í fyrra keyptu þjónustufulltrúarnir í æ meira mæli skuldabréf í íslensku bönkunum; aðallega Landsbankanum og Kaupþingi. Jafnvel í svo miklum mæli að viðskiptavinirnir töpuðu allt að 90% hluta láns-

ins sem bankinn átti að ávaxta er þeir féllu.

Lánin fyrir vel stætt fólk

Lánin voru hugsuð fyrir vel stæða eftirlaunabega á svæðum efnaðra í Evrópu. Samkvæmt netmiðlinum Round town news eru um 600 fjölskyldur í vanda á Spáni vegna lána sem þær tóku með þessum hætti í gegnum Lex life, dótturfyrirtæki Landsbankans í Lúxemborg. Heimildarmaður Morgunblaðsins segir viðskiptavinina sem tóku eignalánin ekki færri í Frakklandi.

Skiptastjórar Landsbankans í

Lúxemborg, sem er nú gjaldþrota og í uppgjörsmeðferð, hafa hótad einhverjum viðskiptavinanna að ganga að eignum þeirra vegna lána. Bankinn hefur tapad fénu en viðskiptavinirnir þurfa þrátt fyrir það að greiða upp lánin, sem þeir fengu ekki í hendurnar, heldur létu bankanum eftir að ávaxta.

Heimildarmaðurinn harmar að skiptastjórnarnir í Landsbankanum ytra, sem eru frá endurskoðendafyrirtækinu Deloitte í Lúxemborg, skuli ekki hafa áhuga á að semja um skuldir viðskiptavinnanna; þrátt fyrir afleita fjárfestingu og það sem þeir

telja svik þjónustufulltrúanna og stjórnenda bankans hér og ytra. Hann harmar ekki síður að skilanefnd Landsbankans hér á landi þvoi hendur sínar af málinu, því þótt Landsbankinn í Lúxemborg hafi verið dótturfélag og því lúxemborgskur banki hafi langflestir stjórnendur bankans verið ráðnir á Íslandi, verið íslenskir og tilheyrt Landsbankakeðjunni.

Tapaði milljónum evra

Franskur viðskiptavinur Landsbankans tapaði sex milljónum evra á svona viðskiptum, eða 980 milljónum króna miðað við gengi evrunnar við fall bankanna.

Hann gagnrýnir að bankinn hafi keypt skuldabréf í Kaupþingi viku fyrir hrun bankanna fyrir eina milljón dollara, eða 114 milljónir króna. Þegar upp var staðið hafi 60% af sjóðnum hans verið bundinn í skuldabréfum íslensku bankanna, aðallega Landsbankans og Kaupþings.

„Ég gaf aldrei leyfi fyrir þessum kaupum heldur þvert á móti hafði ég beðið þá um að halda í dollarana mína vegna gengisins en þeir keyptu samt og það fyrir dalina,“ segir hann og vill ekki að nafn sitt komi fram þar sem það geti skaðað málstað hans. Hann berst fyrir því að fá veði aflétt af húsinu sínu. „Ég sit fastur í netinu og get ekki selt húsið mitt þó að ég vildi.“ Eftir að bankinn féll hefur hann ekki fengið eitt einasta svar um framhaldið.

Barlow-hjónin að missa allt

BRESKU Barlow-hjónin búa í suðurhluta Frakklands. Þau eiga fimm uppkomin börn og keyptu villu til að eyða efri árunum í. Belinda er sálfræðingur og vill segja sögu þeirra hjóna verði það til þess að hjálpa öðrum. Þau tóku lán til að gera villu sína upp. Þau fengu 250 þúsund evrur greiddar út, létu 500 þúsund á innlánsreikning í Landsbankanum í Lúxemborg en bankinn sá um að fjárfesta fyrir afgang lánsins. Þau eru nú krafín um greiðslu 2,5 milljóna evra, eða tæpar 390 milljónir króna miðað við gengið við fall bankanna. „Við eigum ekki krónu. Börnin okkar greiða rafmagnsreikninginn. Við eigum ekki fyrir mat,“ segir Belinda. Þau hafa glatað 500 þúsund evrumum sem þau áttu á innlánsreikningnum utan 20.887 evra innlánstryggingarinnar – sem þau hafa enn ekki fengið greidda út. Hjónin eiga ekki fyrir heildarláninu, sem er tífalt hærra en upphæðin sem þau notuðu.

„Þetta getur ekki verið löglegt,“ segir Belinda sem hefur leitað ásjár lögfæðings. Þau hafi tekið lánið í góðri trú. Lög í Lúxemborg leyfi slík lán, en svo sé ekki í Frakklandi eða á Spáni. „Ég þekki fólk sem tók sömu ákvarðanir. Það hræðist að lenda á götunni nú á efri árunum. Ég hef hitt fólk sem hefur flugað sjálfsmorð vegna ástandsins.“ Þau hjónin eru í öngum sínum. Þau leita þó enn að fleira fólki í sömu stöðu svo þau geti skipt á upplýsingum og styrkt mál sitt gegn bankanum.